

Æskulýðsstarf Léttis 2016-2017

Kosin var ný nefnd í Æskulýðsnefnd Léttis í nóvember 2016 og tóku 7 frábærir vinir þetta verkefni að sér. Veturinn 2017 var ansi skemmtilegur hjá okkur í Létti og margar góðar hendur sem komu að þessu skemmtilega starfi sem æskulýðsstarfið er. Margar hendur vinna létt verk og augljóst er að hjá Létti er félagið stútfullt af fólki sem er boðið og búið til að létta undir og vinna saman að framtíðarknöpunum okkar.

Æskulýðsnefnd Léttis

Hugrún Lís Heimisdóttir
Ester Vilhelmsdóttir
Kolbrún Sif Jónsdóttir
Birgitta Rós Laxdal
Aldís Ösp Sigurjónsdóttir
Örvar Áskelsson
Svana Karlsdóttir

Vetur 2017

Veturinn byrjaði á frábæru jólaföndri 11. desember 2016. Þar komu Léttis krakkar saman og fönndruðu og skreyttu fyrir jólaball sem haldið var í desember. Krakkarnir nutu sín í botn og var mikið um gleði og gaman. Í enda kvöldsins var pöntuð pizza og var hún kláruð upp til agna.



Gerðir voru snjókarlar í jólaföndrinu

Jólaball var haldið 18. desember og var það æðislega skemmtilegt. Jólasveinar ofan af fjöllum komu, sungu og dönsuðu með okkur. Margt var um manninn og heppnaðist þetta jólaball vel.



Gistkvöld héldum við upp í Léttis höll 11. febrúar og mættu margir Léttis krakkar til að gista. Steini Björns var með sýnikennslu og vakti hún mikla lukku. Einnig fengum Gest dýralækni til að vera með smá fyrirlestur um umhirðu hrossa og var mikill áhugi fyrir því. Við fórum í marga leiki og var breiður aldurs hópur og allir fundu eitthvað við sitt hæfi. Kvöldmaturinn var ekki af verri endanum, pöntuð var pizza eins og vinsælt er hjá þessum aldurshópi. Enduðum svo kvöldið á því að horfa á mynd og borða snakk. Allir fóru svo sáttir og glaðir heim morguninn eftir.



Við höldum ýmis reiðnámskeið á tímabilinu. Við byrjuðum á námskeiði fyrir yngstu kynslóðina og fengum við Camillu Hoj reiðkennara í það verkefni. Næst höldum við svo keppnisnámskeið fyrir þau eldri og fengum við einnig reynda og flotta knapa í það. Þar á meðal Viðar Bragason á Björgum í Tölt, Höskuld Jónsson í 4 - gang, Baldvin Ara í 5 – gang og skeið snillinginn Svavar Hreiðarsson í skeiðið. Einnig fengum við frábæran dómara Svein Inga Kjartansson til að koma og vera með fyrirlestur og útskýra fyrir krökkunum hvað ber að varast og hvað það er sem dómarnir fylgjast með í fari knapanna og hestanna. Þótti krökkunum þetta mjög áhugavert og voru dugleg að spyrja Svein Inga.

Fákar og Fjör var haldið í apríl og að sjálfsögðu tókum við þátt. Við gerðum atriði úr ævintýrinu Pocahontas. Við bjuggum til munstursreið þar sem hermenn og indjánar voru að berjast um Pocahontas sjálfa. Þessi sýning tókst frábærlega og krakkarnir stóðu sig rosalega vel og voru allir sáttir, glaðir og í spennufalli eftir vel heppnaða sýningu. Við máluðum bæði hross og knapa og skreyttum með fjöðrum.





Mótaröð æskunnar var haldin í fyrsta skipti í vetur við mikinn fögnuð og gékk mjög vel. Sama keppnismódel var notað og er notað í KEA mótaröðinni. Mótaröð æskunnar var stigakeppni eins og í eldri mótaröðunum og þar var hart barist til síðasta spretts.

Svo fór þó að lokum að þeir nafnarnir Egill Már Vignisson og Egill Már Þórsson sigruðu í sínum flokkum og Auður Karen Auðbjörnsdóttir sigraði svo barnaflokkinn. Krakkarnir voru frábærir og gaman að sjá hvað Léttir á mikið af góðum knöpum.

Að venju voru hin árlegu Líflands og Goðamótið sínum stað og gengu þau einnig mjög vel. Léttir á fullt af góðu fólki sem er tilbúið að aðstoða við mót og annað og erum við mjög þakklát fyrir það.



Léttir bauð upp á knapamerki 1, 2 og 3 í vetur, gengu þau mjög vel og var góð aðsókn. Ásdís Helga Sigursteinsdóttir reiðkennari frá Hólum tók það að sér og stóð hún sig frábærlega í því verkefni.

Þorsteinn Björnsson reiðkennari á Hólum var með helgarnámskeið af of til í allan vetur og voru þau námskeið vel sótt.



Léttir setti á fót sinn fyrsta Afrekshóp. Til fyrirmyndar var afrekshópur L.H. Gjaldgengir í hópinn eru knapar í barna, unglunga og ungmennaflokk sem hafa orðið umtalsverða reynslu af keppni og vilja efla sig á þeim vettvangi. Hugmyndin er að árlega verði auglýst eftir áhugasömum knöpum sem uppfylla þessi skilyrði og geta þannig bæst í afrekshóp Léttis. Áætlað er að fjöldi knapa verði á bilinu 5-15 og mun hópstjóri með góða reynslu og fagþekkingu á þessu sviði verða fengin til að stýra verkefnum hópsins. Verkefnin verða á bilinu 3-5 á hverju ári og er skyldumæting á þau öll. Í ár voru 7 knapar valdir í hópinn og 3 hópstjórar. Þorsteinn Björnsson hefur að mestu séð um þjálfun hópsins ásamt hópstjórum. Haldnir voru fyrirlestrar um umhirðu og dómgæslu, bæði íþróttá og gæðingadóma. Hópurinn mun svo fara eina helgi á Hóla í frekari þjálfun og kennslu.

Léttir bauð einnig Hetjunum sem er Félag langveikra barna í grill og á hestbak. Nokkrir frábærir Léttis félagar komu með sína hesta og leyfðu Hetjunum að fara á bak og teymdu þau um reiðhöllina. Þetta var frábær skemmtun og svo gaman að geta lagt lið við svona félög og séð gleðina skína í gegn hjá börnunum. Allir voru með bros á vör og margir fóru oft á bak.

Kveðja,
f.h Æskulýðsnefndar Léttis.
Ester Vilhelmsdóttir